

Fundargerð stjórnar BÍS 06/2013.

miðvikudaginn 13. mars 2013 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðar skátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri, Jón Ingvar Bragason, verkefnastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega bauð hann nýkjörna stjórnarmenn velkomna til starfa.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Endurskoðun ársreikninga BÍS og Þjóðþrifa ehf fyrir árið 2012: Sigurþór Ch. Guðmundsson, endurskoðandi félagsins fór yfir endurskoðunaraðferðir og áritun reikninga BÍS og Þjóðþrifa. Hann telur bókhald BÍS og Þjóðþrifa vera í góðu lagi.
4. Starfsreglur stjórnar BÍS: BB fór yfir helstu atriði.
5. Skátaþing 2013:
 - a. Farið var yfir endurmat það sem þingfulltrúar gerðu í lok þings. Skátamiðstöðinni var falið að greina þetta betur.
 - b. Farið var yfir samþykktir þingsins.
6. Trúnaðarmál: BB kynnti nýjum stjórnarmönnum verkferla og eldri mál. Nýtt mál fært í trúnaðarbók.
7. Undirritun drengskaparheits skátaforingja og heimildar til könnunar sakaskrár: Stjórnarmenn undirrituðu framangreind skjöl.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA.